

19. ágúst 2024

Staðsetning: Spíran

Mætt: Davíð, Guðrún, Harpa Ósk og Unnur Líf

Gestur: Ragna

Samþykktir frá síðasta fundi. Endurgert fjárhagsuppgjör WSJ23 samþykkt með tölvupósti.

Dagsetningar komandi viðburða:

1. Félagsforingja- og samtalsfundir (haust)

Stjórn vill hitta félögin hvert og eitt á sér fundi í stað þess að halda einn stóran fund fyrir öll félög. Við gefur skátafélögunum eitthvað viðmið um hvaða dagsetningar þau geta valið að funda með okkur, 1-2 félög á kvöldi, 4-8 félög í mánuði?

Davíð sér um að búa til skjal þar sem við skráum mögulega fundartíma og stjórnarfólk skráir sig á fundina sem þau komast á.

Sædís sér svo um að hafa samband við félögin og bóka þau á þessa lausu fundartíma.

2. Samráðsfundur stjórnar og ráða (haust)

Miðvikudag 11. September

Dagskrá:

- Ráðin fá tækifæri til að kynna það sem þau hafa verið að vinna að og hvað er á döfinni hjá þeim. Ásamt því að ráðfæra sig hvert við annað, stofna til samstarfs og deila verkefnum.
- Hringferðin kynnt og rædd. Hvaða verkefni tilheyra ráðunum, hvernig vinnum við þetta áfram í sameiningu?

3. Skátaping 2025

4.-6. apríl - Harpa sendir erindi á Hraunbúa sem væntanlega gestgjafa vegna 100 ára afmælis félagsins 2025

4. **Dróttskátahelgin, Rekknetið og Róvernetið** sett í hendur starfsráðs. Unnur sendir póst á þau.

5. Aldursbilamót 2025:

- a. Drekaskátamót - 13.-15. júní (staðfestar dagsetningar), en þurfum að skipa formlega nýtt fólk í þessa mótsstjórn.

- b. Fálkaskátamót - 13.-17. ágúst - Miðvikudagur er komudagur, dagskrá mótsins er fimmtudag – sunnudags.
- c. Dróttskátamót - 18.-22. júní - Miðvikudagur er komudagur, dagskrá mótsins er fimmtudag – sunnudags. Landnemunum boðið að taka að sér mótsstjórn með því að Landnemamót í Viðey verði haft sem dróttskátamót þetta árið. Unnur sendir þeim póst og leggur það til, ásamt dagsetningum og að hafa mótið flokkamót þar sem flokkarnir gera mjög mikið sjálf og mótið þarfnist lágmarks mönnunar frá félögnum, en þá meira lagt í mönnun starfsfólks á mótinu í staðinn.
- d. Rekka- og róver mót - í júlí. Skjöldnemabúar verða skipaðir í mótsstjórn. Samið við þau um hvaða dagsetning henta best. Unnur er í samskiptum við Ragnheiði Silju. ATH. bara passa að dagsetningar skarist ekki á við Moot.

6. Landsmót skáta 2026

13.-19. júlí eða 20.-26. júlí (+ uppsetning og frágangur).

- a. Dagskrá mótsins yrði mánudag - sunnudags. Uppsetning helgina á undan og frágangur einhverja daga eftir slit.
- b. Þurfum að heyra í Ásgeiri á Hömrum um hvaða dagsetningar myndu henta þeim best og bóka þá tjaldsvæðið á umsömdum dagsetningum.

7. Vinnudagur stjórnar

Unnur býr til kosningu um dagsetningar og sendir á stjórn.